Akta sjóðir hf.

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2017 **Bls.**

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra 1
Áritun óháðs endurskoðanda 2

A-hluti **Bls.**

Akta sjóðir hf.
Rekstrarreikningur 5
Efnahagsreikningur 6
Sjóðstreymisyfirlit 7
Skýringar 8

B-hluti **Bls.**

Verðbréfasjóðir
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 13
Efnahagsreikningur 14
Skýringar 15

Fjárfestingarsjóðir
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 20
Efnahagsreikningur 21
Skýringar 22

Fylgiskjöl
Yfirlýsing um stjórnarhætti 33

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Akta sjóðir hf. (hér eftir Akta eða félagið) var stofnað á árinu 2013 og er tilgangurinn rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Félagið fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag í skilningi laga nr.161/2002, um fjármálafyrirtæki, í júlí 2014.

Vörslufélag Akta er Kvika banki hf. en auk þess annast bankinn ýmsa þjónustu fyrir félagið og sjóði í rekstri þess. Í upphafi árs 2017 átti Kvika banki hf. 51% í félaginu og var hluti af samstæðureikningi bankans. Á árinu 2017 minnkaði eignarhlutur Kviku banka hf. niður fyrir 50%, Kvika hefur ekki yfirráð yfir Akta sjóðum hf.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur ársreikninga verðbréfasjóða, fjárfestinga-, og fagfjárfestasjóða sem voru í rekstri félagsins. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í árslok 2017 voru 7 sjóðir í rekstri félagsins og nam hrein eign þeirra 4,6 ma.kr. Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 3 starfsmenn á árinu.

Hagnaður varð af rekstri rekstrarfélagsins á árinu 2017 að fjárhæð 21,0 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 120,2 m.kr. en má ekki vera lægra en 15,6 m.kr. (EUR 125 þús.) samkvæmt lögum. Eiginfjárhlutfall, reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki, var 32,0%, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutafé félagsins nam 95,0 m.kr. í árslok, og skiptist á 5 hluthafa, sem er aukning um einn hluthafa frá upphafi árs. Hluthafar félagsins eru sem hér segir:

	2017		2016		
Hluthafi	**Nafnverð**	**%**	Nafnverð	**%**	**Endanlegur eigandi**
Kvika banki hf.	46.075	48,50%	48.450	51,00%	
Solo Invest ehf.	37.145	39,10%	46.550	49,00%	Örn Þorsteinsson
Mörk Capital ehf.	7.211	7,59%			Fannar Jónsson
Bergholt eignir ehf.	2.375	2,50%			Þórhallur Ásbjörnsson
Davíð Stefánsson	2.195	2,31%			
Útgefið hlutafé (þús. kr.)	95.000	100,00%	95.000	100,00%	

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna ársins 2017. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn félagsins hefur samþykkt yfirlýsingu um stjórnarhætti í samræmi við 19. gr. laga 161/2002. Yfirlýsingin byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands hefur gefið út, en tekur tillit til þeirra sérstöku laga og reglna sem gilda um fjármálafyrirtæki. Stjórnarháttayfirlýsingin er fylgiskjal með ársreikningi félagsins.

Álit og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2017 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2017.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Akta sjóða hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 16. febrúar 2018.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Akta sjóða hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Akta sjóða hf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta sem er fyrir rekstrarfélagið og B- hluta sem er fyrir verðbréfa,-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A - hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B - hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Akta sjóðum hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar og stjórnháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Akta sjóða hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

* Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
* Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
* Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
* Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
* Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogur, 16. febrúar 2018.

Deloitte ehf.

Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Akta sjóðir hf.

Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Umsýsluþóknun	3	144.086	96.327
Fjármunatekjur	9	2.270	1.712
Heildartekjur		146.356	98.039
Fjármagnsgjöld	10	(28)	(42)
Hreinar rekstrartekjur		146.327	97.997
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	(80.761)	(32.226)
Annar rekstrarkostnaður		(39.312)	(14.840)
Rekstrargjöld samtals		(120.072)	(47.066)
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta		26.255	50.930
Tekjuskattur	13	(5.254)	(10.182)
Hagnaður ársins		21.001	40.749

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Verðbréf með breytilegum tekjum	6, 14	103.402	20.861
Verðbréf samtals		103.402	20.861
Kröfur á sjóði		8.896	48.951
Aðrar kröfur		447	163
Kröfur samtals	7	9.343	49.114
Handbært fé	8	22.198	48.368
Aðrar eignir		3.697	1.966
Aðrar eignir samtals		25.894	50.334
Eignir samtals		138.640	120.308
Eigið fé			
Hlutafé		95.000	95.000
Lögbundinn varasjóður		2.521	421
Óráðstafað eigið fé		22.690	3.789
Eigið fé samtals	16-17	120.212	99.210
Skuldir:			
Skuldir við tengd félög		2.231	12.083
Reiknaðir skattar		5.248	1.059
Aðrar skuldir	15	10.949	7.956
Skuldir samtals		18.428	21.098
Skuldir og eigið fé samtals		138.640	120.308

Sjóðstreymisyfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	16	21.001	40.749
Rekstrarliðir sem hreyfa ekki handbært fé:			
Gengisbreyting verðbréfaeignar	9	(315)	(1.219)
Tekjuskattur		5.254	10.182
Veltufé frá rekstri		25.940	49.712
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		30.116	(31.777)
Handbært fé frá rekstri		56.056	17.935
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf, breyting		(82.226)	6.238
Fjárfestingahreyfingar		(82.226)	6.238
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		0	20.000
Fjármögnunarhreyfingar		0	20.000
Handbært fé í ársbyrjun		48.368	4.196
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(26.171)	44.173
Handbært fé í lok ársins	8	22.198	48.368

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Akta sjóðir hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Borgartún 25, Reykjavík.

Félagið er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Akta sjóða hf. A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og nýjar reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem tóku gildi 1. janúar 2016 nr. 1060/2015. Hinar nýju reglur hafa hvorki í för með sér breytingar á mati eigna né rekstrarniðurstöðu sjóðanna.

Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru metin á gangvirði, og er gerður í íslenskum krónum.

3. Umsýsluþóknun og árangurstengdar þóknanir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða. Þóknunin reiknast ýmist sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna eða sem hlutfall af hagnaði sjóðanna umfram ákveðin viðmið.

4. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Akta sjóða hf. eru Kvika banki hf., ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, Solo Invest ehf. og aðrir hluthafar, sjóðir í rekstri félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og fjölskyldur þeirra og félög í þeirra eigu. Viðskipti við tengda aðila eru við Kviku banka hf. og eru þau í samræmi við þjónustusamning og verðlögð eins og um ótengdan aðila væri að ræða. Viðskipti við tengda aðila eru verðlögð í samræmi við stefnu félagsins. Upplýsingar um laun stjórnar og framkvæmdastjóra er að finna í skýringu 12.

5. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 4.598,3 m.kr. þann 31. desember 2017, en voru 4.105,9 m.kr. í upphafi árs.

Reikningsskilaaðferðir

6. Verðbréf

Verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði í lok desember. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gilti á markaðnum í lok tímabilsins.

7. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði. Kröfur á sjóði eru að mestu leyti tilkomnar vegna ógreiddra umsýsluþóknana sjóða í árslok.

8. Handbært fé

Handbært fé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

Skýringar - framhald

Rekstrarreikningur

9. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast sem hér segir:

	2017	2016
Vaxtatekjur	1.955	493
Gangvirðisbreytingar verðbréfa	315	1.219
Samtals	2.270	1.712

10. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld greinast sem hér segir:

	2017	2016
Vaxtagjöld	28	42
Samtals	28	42

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast sem hér segir:

	2017	2016
Laun	60.724	24.420
Breytingar á áunnu orlofi	3.496	966
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.939	3.339
Fjársýsluskattur	3.776	1.527
Önnur launatengd gjöld	4.825	1.974
Samtals	80.761	32.226
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	3,0	2,0
Heildarfjöldi starfsmanna í lok ársins	4,0	2,0

12. Launagreiðslur til framkvæmdastjóra og stjórnar

Launagreiðslur til framkvæmdastjóra og stjórnar greinast sem hér segir:

	2017		2016	
	Laun	Fjöldi bréfa	Laun	Fjöldi bréfa
Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri	25.030	37.145	12.063	46.550
Arna Grímsdóttir, formaður stjórnar	2.640	0	2.200	0
Agla Elísabet Hendriksdóttir, stjórnarmaður	1.728	0	540	0
Anna Rut Ágústdóttir, stjórnarmaður	690	0	0	0
Alma Tryggvadóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	0	0	1.155	0
Einar Oddsson, fyrrverandi stjórnarmaður	0	0	378	0
Hersir Sigurgeirsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri	0	0	2.453	0
Samtals	30.088	37.145	18.789	46.550

Upphæðir samanstanda af launum, yfirvinnu- og kaupaukagreiðslum, framlagi í lífeyrissjóð og öðrum greiðslum og hlunnindum eftir því sem við á.

Tölur yfir eignarhluti eru í þúsundum og innifela hluti í eigu félaga sem eru í eigu eða lúta stjórn viðkomandi aðila þann 31. desember 2017 og 31. desember 2016. Ef að eignarhluturinn er í óbeinn í gegnum félög þá er einungis hlutfallslegur eignarhlutur framangreindra aðila talinn með.

13. Skattar

Tekjuskattur hefur verið reiknaður og færður til gjalda í rekstrarreikning. Tekjuskattur að fjárhæð 5,3 m.kr. er til greiðslu vegna ársins. Tekjuskattur að fjárhæð 1 m. kr. var til greiðslu í árslok 2016.

Skýringar - framhald

Efnahagur

14. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:

	2017	2016
Hlutdeildarskírteini		
Akta Stokkur	48.693	0
Akta SK1	24.483	0
Akta Ríki	20.166	18.950
Akta Alviðra	10.060	0
Akta Lausi	0	1.911
Samtals	103.402	20.861

15. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast sem hér segir:

	2017	2016
Ógreidd laun og launatengd gjöld	4.523	2.296
Viðskiptaskuldir	1.334	4.142
Annað	5.092	1.518
Samtals	10.949	7.956

Skýringar - framhald

16. Eigið fé

a. Hlutafé

	2017	2016
Útgefið hlutafé samkvæmt samþykktum	95.000	95.000

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

b. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31. desember 2016	95.000	421	3.789	99.210
Lagt í lögbundinn varasjóður		2.100	(2.100)	0
Hagnaður ársins			21.001	21.001
Eigið fé 31. desember 2017	95.000	2.521	22.690	120.212

17. Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall Akta sjóða hf., sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er 32,0% en lögboðið lágmark er 8,0%. Eigið fé má þó aldrei vera lægra en sem nemur EUR 125.000, sem samsvarar 15,6 m. kr. miðað við gengi EUR þann 31. desember 2017. Hlutfallið reiknast þannig:

	2017	2016
Eigið fé	120.212	99.210
Eiginfjárgrunnur	120.212	99.210
Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhættu	8.071	4.916
Eiginfjárkrafa vegna markaðsáhættu	0	0
Eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu	0	0
Eiginfjárkrafa	8.071	4.916
Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað	30.018	11.767
Eiginfjárhlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárhlutfall	32,0%	67,5%

Samkvæmt 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Samkvæmt 9. mgr. sömu greinar skal eiginfjárgrunnur aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs.

Tengdir aðilar

18. Skilgreining

Tengdir aðilar teljast vera Kvika banki hf., Solo Invest ehf. og aðrir hluthafar, sjóðir í rekstri, stjórnarmenn, stjórnendur og fjölskyldur og félög í þeirra eigu. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á samæbærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila væri að ræða.

Stöður við tengda aðila eru eftirfarandi:

2017	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Eigendur og stjórnendur	1.948	(19.898)	55.932	(2.231)
Sjóðir í rekstri Akta sjóða hf.	169.793		8.896	
	171.741	(19.898)	64.828	(2.231)

2016	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Eigendur og stjórnendur	388	(24.420)	48.320	(12.083)
Sjóðir í rekstri Akta sjóða hf.	116.770		48.951	
	117.158	(24.420)	97.270	(12.083)

Verðbréfasjóðir
Akta sjóða hf.
Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2017

Rekstrarreikningur

	Skýr.	Akta Ríki 2017	Akta Ríki 2016
Vextir	2	67	86
Verðbætur	3	502	93
Vaxtatekjur af bundnum innstæðum		1	0
Heildartekjur		570	178
Umsýsluþóknun rekstrarfélags	4	(520)	(173)
Aðrar þóknanir		(181)	(50)
Heildargjöld		(701)	(224)
Hrein (gjöld) / tekjur		(131)	(46)
Innleystur hagnaður af fjárfestingum	7	3.828	2.248
Hagnaður (óinnleyst tap) af fjárfestingum	7	676	(5)
Hagnaður af rekstri sjóðsins		4.373	2.198

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs	72.752	20.578
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini	7.725	51.664
Innleyst hlutdeildarskírteini	(15.451)	(1.688)
Hækkun/lækkun á fjármögnunarhreyfingum	(7.727)	49.976
Hrein eign í lok ársins	69.398	72.752

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	Akta Ríki 2017	Akta Ríki 2016
Eignir			
Fjárfestingar			
Framseljanleg verðbréf	7, 10, 11	66.551	66.745
Fjárfestingar samtals		66.551	66.745
Aðrar eignir			
Reiðufé	9	2.981	6.051
Aðrar eignir samtals		2.981	6.051
Eignir samtals		69.532	72.796
Skuldir			
Afleiður		92	0
Fjárfestingar samtals		92	0
Skuldir við rekstrarfélag		42	44
Skuldir samtals		42	44
Hrein eign	16-19	69.398	72.752
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		5.715	6.376
Gengi hlutdeildarskírteina		12,14	11,41

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur verðbréfasjóða Akta sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og nýjar reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem tóku gildi 1. janúar 2016 nr. 1060/2015. Hinar nýju reglur hafa hvorki í för með sér breytingar á mati eigna né rekstrarniðurstöðu sjóðanna.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á gangvirði, og er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðirnir eru í umsjá Akta sjóða hf.

Reikningsskilaaðferðir

2. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

3. Verðbætur

Verðbætur eru færðar í rekstrarreikninginn eftir því sem þær myndast.

4. Þóknanir

Umsýsluþóknun:

Sjóðirnir greiða Akta sjóðum hf. umsýsluþóknun sem innifelur rekstrarkostnað sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér segir:

	Þóknun
Akta Ríki	0,75%

Sjóðirnir greiða auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu. Kostnaður vegna endurskoðunar er greiddur af Akta sjóðum hf.

Árangurstengd þóknun:

Sjóðirnir greiða einnig árangurstengda þóknun sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðanna. Í tilfelli Akta Ríki nemur hún 20% af ávöxtun umfram ákveðið viðmið. Viðmiðið er skilgreint í reglum sjóðsins.

Söluþóknun rennur til söluaðila fyrir sölu hlutdeildarskírteina og endurspeglast hún í mun á kaup- og sölugengi á hverjum tíma.

5. Skattamál

Sjóðirnir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

6. Breytingar á starfsemi sjóðsins

Á árinu var fjárfestingastefnum sjóðanna ekki breytt né fjárfestingaheimildunum þeirra.

7. Framseljanleg verðbréf

a. Bókfært virði

Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

b. Gengismunur

Gengismunur vegna breytinga á matsverði verðbréfa er færður í rekstrarreikning.

c. Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum

Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) vegna breytinga á matsverði af fjárfestingum er færður í rekstrarreikning. Byrjað var að nota þessa aðferð frá og með 1.1.2017 og hefur framsetningu samanburðarfjárhæða verið breytt til samræmis.

Skýringar

8. Afleiður

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum.

Afleiður eru fjármálasamningar, þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna, sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga, eftir því sem við á.

Afleiðursamningarnir eru metnir á gangvirði í lok tímabilsins.

9. Reiðufé

Reiðufé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

Skýringar - framhald

Fjárfestingar

10. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Í þessari skýringu er sýnd fjárfestingastefna hvers sjóðs fyrir sig og hvernig fjárfestingar hafa þróast á milli tímabila. Allar eignir sjóðanna eru framseljanlegar nema innlán hjá fjármálafyrirtækjum.

Akta Ríki	Virði 2017	Hlutfall af fjárfest.	Virði 2016	Hlutfall af fjárfest.	Fjárfestingastefna Lágmark	Hámark
Skráð skuldabréf og víxlar útgefnir af ríkinu eða með ríkisábyrgð	66.551	100,1%	66.745	100,0%	70,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		0,0%		0,0%	0,0%	30,0%
Afleiður vegna stöðutöku	(92)	-0,1%		0,0%	0,0%	10,0%
Heildarverðmæti fjárfestinga	66.458	100,0%	66.745	100,0%		

11. Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar sjóða þann 31. desember 2017 skiptast sem hér segir:

Akta Ríki

Framseljanleg verðbréf skráð:	Eignir 2017	Hlutfall %	Eignir 2016	Hlutfall %	Útgefandi
Skuldabréf:					
RIKS 21 0414	17.396	25,0%	1.175	1,6%	Seðlabanki Íslands
RIKS 33 0321	16.425	23,6%			Seðlabanki Íslands
RIKS 30 0701	13.968	20,1%			Seðlabanki Íslands
HFF150224	12.761	18,4%	2.257	3,1%	Íbúðalánasjóður
RIKB 31 0124	2.407	3,5%	1.642	2,3%	Seðlabanki Íslands
RIKB 22 1026	2.231	3,2%	16.885	23,2%	Seðlabanki Íslands
RIKB 28 1115	1.363	2,0%			Seðlabanki Íslands
RIKB 25 0612		0,0%	18.763	25,8%	Seðlabanki Íslands
RIKB 20 0205		0,0%	14.165	19,5%	Seðlabanki Íslands
HFF150644		0,0%	4.056	5,6%	Íbúðalánasjóður
RIKB 19 0226		0,0%	3.955	5,4%	Seðlabanki Íslands
HFF150434		0,0%	3.847	5,3%	Íbúðalánasjóður
	66.551	95,7%	66.745	91,7%	
Reiðufé	2.981	4,3%	6.051	8,3%	
Eignir samtals	69.532	100,0%	72.796	100,0%	

12. Breyting á stærstu eignum sjóðsins milli tímabila

Akta Ríki	2017	2016	Breyting	Hlutfall af heildareignum 2017	2016	Breyting
RIKS 21 0414	17.396	1.175	16.221	25,0%	1,6%	23,4%
RIKS 33 0321	16.425		16.425	23,6%	0,0%	23,6%
RIKS 30 0701	13.968		13.968	20,1%	0,0%	20,1%
HFF150224	12.761	2.257	10.504	18,4%	3,1%	15,3%
RIKB 31 0124	2.407	1.642	765	3,5%	2,3%	1,2%
RIKB 22 1026	2.231	16.885	(14.654)	3,2%	23,2%	-20,0%
RIKB 28 1115	1.363		1.363	2,0%	0,0%	2,0%
RIKB 25 0612		18.763	(18.763)	0,0%	25,8%	-25,8%
RIKB 20 0205		14.165	(14.165)	0,0%	19,5%	-19,5%
HFF150644		4.056	(4.056)	0,0%	5,6%	-5,6%
RIKB 19 0226		3.955	(3.955)	0,0%	5,4%	-5,4%
HFF150434		3.847	(3.847)	0,0%	5,3%	-5,3%
Tíu stærstu eignir	66.551	66.745	(194)	95,7%	91,7%	4,0%
Aðrar eignir	2.981	6.051	(3.069)	4,3%	8,3%	-4,0%
Heildareignir	69.532	72.796	(3.264)	100,0%	100,0%	0,0%

Skýringar - framhald

13. Uppsöfnuð heildarkaup og sala á framseljanlegum verðbréfum og fjárfestingum sjóðsins

Akta Ríki	Heildarkaup	Heildarsala
RIKB 28 1115	60.212	58.502
RIKB 31 0124	43.897	43.157
RIKB 20 0205	30.712	44.403
RIKS 21 0414	30.367	14.295
RIKS 30 0701	27.704	14.005
RIKB 25 0612	19.062	37.477
RIKB 19 0226	16.157	19.929
RIKS 33 0321	15.636	
HFF150224	10.514	
HFF150434		3.890
HFF150644		4.297
RIKB 22 1026		15.226
Samtals	254.261	255.181

14. Flokkun fjárfestinga eftir líftíma

Sjóðurinn fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum eða skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Meðaltími sjóðsins var 6,6 ár þann 31.12.2017 en var 4,9 ár þann 31.12.2016.

15. Afleiðusamningar

Afleiður eru skiptasamningar um verðbréf, vaxtaskiptasamningar og valréttarsamningar. Samningarnir eru færðir miðað við markaðsvirði 31. desember 2017. Opnir afleiðusamningar í lok tímabilsins greinast þannig:

Akta Ríki	Eign	Skuld
RIKB 28 1115		92

Hlutdeildarskírteini

16. Nafnávöxtun

Nafnávöxtun hlutdeildarskírteina var sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Ríki	6,40%	5,90%	6,70%	0,90%

17. Raunávöxtun

Raunávöxtun hlutdeildarskírteina var sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Ríki	4,40%	4,00%	4,60%	0,60%

18. Bókfært verðmæti

Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina hefur þróast sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Ríki	69.398	72.752	20.578	95.289

19. Gengi

Gengi hlutdeildarskírteina hefur þróast sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Ríki	12,14	11,41	10,77	10,09

Fjárfestingarsjóðir
Akta sjóða hf.
Ársreikningur 2017

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2017

Rekstrarreikningur	Skýr.	Akta Stokkur 2017	Akta Alviðra 2017	Akta Íaxtatækifæri 2017	Samtals 2017
Vextir	2	143	61	24	658
Verðbætur	3	0	277	152	0
Vaxtatekjur af bundnum innstæðum		33	19	4	770
Heildartekjur		176	357	181	1.428
Umsýsluþóknun rekstrarfélags	4	(4.077)	(430)	(383)	(4.890)
Aðrar þóknanir		(2.188)	(572)	(213)	(2.972)
Önnur gjöld og kostnaður		(295)	0	0	(8.452)
Heildargjöld		(6.560)	(1.002)	(596)	(16.314)
Hrein (gjöld)		(6.384)	(644)	(415)	(7.443)
Innleystur hagnaður af fjárfestingum	7	1.454	795	2.348	4.597
Hagnaður (óinnleyst tap) af fjárfestingum	7	(3.483)	(684)	1.743	(2.424)
Tap af rekstri sjóðsins		(8.413)	(533)	3.677	(5.269)

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs		0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar					
Seld hlutdeildarskírteini		212.016	317.127	334.381	863.524
Innleyst hlutdeildarskírteini		(3.637)	(100.441)	(100.820)	(204.898)
Hækkun á fjármögnunarhreyfingum		208.379	216.686	233.561	658.626
Hrein eign í lok ársins		199.965	216.153	237.238	653.356

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	Akta Stokkur 2017	Akta Alviðra 2017	Akta /axtatækifæri 2017	Samtals 2017
Eignir					
Fjárfestingar					
Framseljanleg verðbréf	7, 10, 12	197.811	204.203	214.049	616.063
Hlutdeildarskírteini	7	2.499	3.420	20.441	26.360
Fjárfestingar samtals		200.310	207.623	234.490	642.424
Aðrar eignir					
Reiðufé	9	1.954	8.702	3.160	13.816
Aðrar eignir		0	6	0	6
Aðrar eignir samtals		1.954	8.708	3.160	13.822
Eignir samtals		202.264	216.331	237.651	656.246
Skuldir					
Afleiður		0	0	238	238
Skuldir við rekstrarfélag		1.755	177	176	2.108
Aðrar skuldir		543	1	0	544
Skuldir samtals		2.298	178	413	2.890
Hrein eign	16-19	199.965	216.153	237.238	653.356
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		19.384	21.478	23.300	
Gengi hlutdeildarskírteina		10,32	10,04	10,18	

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur fjárfestingarsjóða Akta sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og nýjar reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem tóku gildi 1. janúar 2016 nr. 1060/2015. Hinar nýju reglur hafa hvorki í för með sér breytingar á mati eigna né rekstrarniðurstöðu sjóðanna.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á gangvirði, og er gerður í íslenskum krónum.

Sjóðirnir eru í umsjá Akta sjóða hf.

Reikningsskilaaðferðir

2. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

3. Verðbætur

Verðbætur eru færðar í rekstrarreikninginn eftir því sem þær myndast.

4. Þóknanir

Umsýsluþóknun:

Sjóðirnir greiða Akta sjóðum hf. umsýsluþóknun sem innifelur rekstrarkostnað sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér segir:

	Þóknun
Akta Stokkur	1,25%
Akta Vaxtatækifæri	0,90%
Akta Alviðra	1,00%

Sjóðirnir greiða auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu. Kostnaður vegna endurskoðunar er greiddur af Akta sjóðum hf.

Árangurstengd þóknun:

Akta Stokkur

Akta Stokkur greiðir einnig árangurstengda þóknun sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins. Í tilfelli Akta Stokks nemur hún 20% af ávöxtun umfram ákveðið viðmið. Viðmiðið er skilgreint í reglum sjóðsins.

Akta Alviðra

Akta Alviðra greiðir einnig árangurstengda þóknun sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins. Í tilfelli Akta Alviðru nemur hún 15% af ávöxtun umfram ákveðið viðmið. Viðmiðið er skilgreint í reglum sjóðsins.

Akta Vaxtatækifæri

Akta Vaxtatækifæri greiðir einnig árangurstengda þóknun sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins. Í tilfelli Akta Vaxtatækifæris nemur hún 20% af ávöxtun umfram ákveðið viðmið. Viðmiðið er skilgreint í reglum sjóðsins.

Gengismunur:

Gengismunur endurspeglast í mun á kaup- og sölugengis á hverjum tíma og rennur hann til rekstrarfélagsins. Í lok árs var genginsmunurinn hjá Akta Stokk 1,5% en 1,0% hjá Akta Alviðra og Akta Vaxtartækifæri og rennur hann til rekstrarfélagsins og söluaðila.

Söluþóknun rennur til söluaðila fyrir sölu hlutdeildarskírteina og endurspeglast hún í mun á kaup- og sölugengi á hverjum tíma.

5. Skattamál

Sjóðirnir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

6. Breytingar á starfsemi sjóðanna

Sjóðirnir Akta Stokkur, Akta Vaxtatækifæri og Akta Alvirða hófu starfsemi sína á árinu og því er ekki hægt að sýna samanburðarfjárhæðir. Á árinu var fjárfestingastefnum sjóðanna ekki breytt né fjárfestingaheimildunum þeirra.

Skýringar

7. Framseljanleg verðbréf

a. Bókfært virði
Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangvirði. Óskráð skuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangvirði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

b.. Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum
Innleystur og óinnleystur hagnaður (tap) vegna breytinga á matsverði af fjárfestingum er færður í rekstrarreikning.

8. Afleiður

Sjóðirnir hafa heimild til að fjárfesta í afleiðum.

Afleiður eru fjármálasamningar, þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna, sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga, eftir því sem við á.

Afleiðursamningarnir eru metnir á gangvirði í lok tímabilsins.

9. Reiðufé

Reiðufé inniheldur bankainnstæður hjá lánastofnunum með áföllnum vöxtum.

Skýringar - framhald

Fjárfestingar

10. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Í þessari skýringu er sýnd fjárfestingastefna hvers sjóðs fyrir sig og hvernig fjárfestingar hafa þróast á milli tímabila. Allar eignir sjóðanna eru framseljanlegar nema innlán hjá fjármálastofnun.

Akta Stokkur	Virði 2017	Hlutfall af fjárfest.	Virði 2016	Hlutfall af fjárfest.	Fjárfestingastefna Lágmark	Hámark
Hlutabréf skráð á Nasdaq OMX Nordic Iceland eða First North	178.311	89,0%		0,0%	25,0%	100,0%
Hlutabréf félaga með starfsemi á Íslandi en skráð í erlenda kauphöll		0,0%		0,0%	0,0%	50,0%
Óskráð innlend hlutabréf	19.500	9,7%		0,0%	0,0%	25,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		0,0%		0,0%	0,0%	75,0%
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð íslenska ríkisins		0,0%		0,0%	0,0%	75,0%
Skortstöður í hlutabréfum		0,0%		0,0%	0,0%	20,0%
Hlutdeildarskírteini fagfjárfestasjóða	2.499	1,2%		0,0%	0,0%	20,0%
Skuldabréf með breytirétti		0,0%		0,0%	0,0%	25,0%
Afleiður vegna stöðutöku		0,0%		0,0%	0,0%	25,0%
Heildarverðmæti fjárfestinga	200.310	100,0%	0	0,0%		
Akta Alviðra						
Skuldabréf og víxlar útgefnin af ríki eða með ríkisábyrgð *	30.157	14,5%	0	0,0%	0,0%	100,0%
Skráð skuldabréf og víxlar *	56.980	27,4%	0	0,0%	0,0%	100,0%
Skráð hlutabréf *	85.194	41,0%	0	0,0%	0,0%	70,0%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða		0,0%	0	0,0%	0,0%	70,0%
Hlutdeildarskírteini fjárfestingasjóða og annara sjóða um sameiginlega fjárfestingu	14.303	6,9%	0	0,0%	0,0%	60,0%
Hlutdeildarskírteini fagfjárfestasjóða		0,0%	0	0,0%	0,0%	60,0%
Óskráð hlutabréf **	15.600	7,5%	0	0,0%	0,0%	20,0%
Óskráð skuldabréf og víxlar **	5.390	2,6%	0	0,0%	0,0%	15,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ***		0,0%	0	0,0%	0,0%	15,0%
Peningamarkaðsgerningur ***		0,0%	0	0,0%	0,0%	50,0%
Skortsala skráðra verðbréfa		0,0%	0	0,0%	0,0%	20,0%
Afleiður vegna stöðutöku eða áhættuvarna ****		0,0%	0	0,0%	0,0%	70,0%
Heildarverðmæti fjárfestinga	207.623	100,0%	0	0,0%		

Vægi erlendra heimilda í fjárfestingastefnu Akta Alviðru:

* Erlent vægi er helmingi lægra en hámark í flokknum, en engar erlendar eignir voru til staðar í árslok.

** Erlent vægi er 5% að hámarki í flokknum, en engar erlendar eignir voru til staðar í árslok.

*** Erlent vægi er 30% að hámarki í flokknum.

**** Erlent vægi er 50% að hámarki í flokknum og hér undir falla afleiður á gjaldmiðla gagnvart ISK eða erlendum myntum.

Sjóðurinn má fjárfesta alla heimild sína í hlutdeildarskírteinum í erlendum bréfum. Öll hlutdeildarskírteini sjóðsins í árslok í fjárfestingarsjóðum eru í erlendum hlutdeildarskírteinum.

Akta Vaxtatækifæri						
Skuldabréf og víxlar útgefnin af ríki eða með ríkisábyrgð *	36.688	15,7%		0,0%	0,0%	100,0%
Sértryggð skuldabréf útgefin skv. lögum nr. 11/2008 *	109.828	46,9%		0,0%	0,0%	100,0%
Önnur skuldabréf og víxlar ***	67.533	28,8%		0,0%	0,0%	75,0%
Skuldabréf með breytirétti **		0,0%		0,0%	0,0%	15,0%
Hlutabréf sem tilkomin eru vegna skuldabréfakaupa sjóðsins *		0,0%		0,0%	0,0%	10,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum		0,0%		0,0%	0,0%	60,0%
Peningamarkaðsgerningur		0,0%		0,0%	0,0%	60,0%
Hlutdeildarskírteini fagfjárfestasjóða sem fjárfesta í skuldabréfum	20.441	8,7%		0,0%	0,0%	20,0%
Afleiður vegna stöðutöku eða áhættuvarna	(238)	-0,1%		0,0%	0,0%	30,0%
Skortsala skráðra verðbréfa		0,0%		0,0%	0,0%	20,0%
	234.253	100,0%	0	0,0%		

Vægi óskráðra verðbréfa í fjárfestingastefnu Akta Vaxtatækifæri:

* Vægi óskráðra verðbréfa er að hámarki 10%.

** Vægi óskráðra verðbréfa er að hámarki 15%.

*** Vægi óskráðra verðbréfa er að hámarki 25%. Vægi óskráðra bréfa í árslok námu 13,3%.

Skýringar - framhald

11. Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar sjóðsdeilda þann 31. desember 2017 skiptast sem hér segir:

Akta Stokkur

Framseljanleg verðbréf skráð:	Eignir 2017	Hlutfall %	Eignir 2016	Hlutfall %	Útgefandi
Hlutabréf:					
REGINN	55.978	27,7%		0,0%	Reginn hf.
REITIR	36.616	18,1%		0,0%	Reitir fasteignafélag hf.
Marel	31.977	15,8%		0,0%	Marel hf.
EIK	19.005	9,4%		0,0%	Eik fasteignafélag hf.
ICESEA	18.172	9,0%		0,0%	Iceland Seafood International hf
ICEAIR	16.563	8,2%		0,0%	Icelandair Group hf.
Framseljanleg verðbréf skráð samtals	178.311	88,2%		0,0%	
Framseljanleg verðbréf óskráð:					
Hlutabréf:					
NBISS	19.500	9,6%		0,0%	Kvika banki hf.
Framseljanleg verðbréf óskráð samtals	19.500				
Önnur hlutdeildarskírteini:					
AKTA HL1	2.499	1,2%		0,0%	Akta HL1
Önnur hlutdeildarskírteini samtals	2.499				
Reiðufé	1.954	1,0%		0,0%	
Eignir samtals	202.264	100,0%	0	0,0%	

Akta Alviðra

Framseljanleg verðbréf skráð:	Eignir 2017	Hlutfall %	Eignir 2016	Hlutfall %	Útgefandi
Hlutabréf:					
REGINN	32.835	15,2%		0,0%	Reginn hf.
REITIR	17.673	8,2%		0,0%	Reitir fasteignafélag hf.
Marel	14.212	6,6%		0,0%	Marel hf.
EIK	10.001	4,6%		0,0%	Eik fasteignafélag hf.
TM	5.627	2,6%		0,0%	Tryggingarmiðstöðin hf.
ICEAIR	4.619	2,1%		0,0%	Icelandair Group hf.
ICESEA	227	0,1%		0,0%	Iceland Seafood International hf
Skuldabréf:					
RIKS 21 0414	21.946	10,1%		0,0%	Seðlabanki Íslands
ARION CB 22	21.450	9,9%		0,0%	Arion banki hf.
LBANK CBI 24	20.928	9,7%		0,0%	Landsbankinn hf.
RVK 53 1	8.189	3,8%		0,0%	Reykjavíkurborg
REITIR151124	6.413	3,0%		0,0%	Reitir fasteignafélag hf.
RIKB 31 0124	2.407	1,1%		0,0%	Seðlabanki Íslands
RIKB 28 1115	2.119	1,0%		0,0%	Seðlabanki Íslands
RIKB 20 0205	1.737	0,8%		0,0%	Seðlabanki Íslands
HFF150224	1.645	0,8%		0,0%	Íbúðalánasjóður
HFF150644	191	0,1%		0,0%	Íbúðalánasjóður
RIKB 19 0226	112	0,1%		0,0%	Seðlabanki Íslands
Framseljanleg verðbréf skráð samtals	172.331	79,7%		0,0%	
Önnur framseljanleg verðbréf:					
Hlutabréf:					
NBISS	15.600	7,2%		0,0%	Kvika banki hf.
Skuldabréf:					
AL1	5.390	2,5%		0,0%	Almenna leigufélagið ehf.
Framseljanleg verðbréf skráð samtals	20.990	9,7%		0,0%	
Önnur hlutdeildarskírteini:					
VUG US	3.915	1,8%		0,0%	Vanguard
VTIP US	3.410	1,6%		0,0%	Vanguard
EEM US	3.557	1,6%		0,0%	iShares (Blackrock)
IWVL SW	3.420	1,6%		0,0%	iShares (Blackrock)
Önnur hlutdeildarskírteini samtals	14.303	6,6%		0,0%	
Reiðufé	8.702	4,0%		0,0%	
Aðrar eignir	6	0,0%		0,0%	
Eignir samtals	216.331	100,0%	0	0,0%	

Skýringar - framhald

11. Sundurliðun fjárfestinga (frh.)

Akta Vaxtatækifæri

Framseljanleg verðbréf skráð:	Eignir 2017	Hlutfall %	Eignir 2016	Hlutfall %	Útgefandi
Skuldabréf:					
ISLA CBI 30	43.121	18,1%		0,0%	Íslandsbanki hf.
ARION CBI 29	23.549	9,9%		0,0%	Arion banki hf.
TM 15 1	21.847	9,2%		0,0%	Tryggingarmiðstöðin hf.
LBANK CBI 28	21.707	9,1%		0,0%	Landsbankinn hf.
ARION CB 22	21.450	9,0%		0,0%	Arion banki hf.
RIKS 21 0414	21.411	9,0%		0,0%	Seðlabanki Íslands
RVK 53 1	8.189	3,4%		0,0%	Reykjavíkurborg
RIKS 30 0701	7.682	3,2%		0,0%	Seðlabanki Íslands
REITIR151124	6.413	2,7%		0,0%	Reitir fasteignafélag hf.
RIKB 20 0205	3.256	1,4%		0,0%	Seðlabanki Íslands
RIKB 19 0226	2.321	1,0%		0,0%	Seðlabanki Íslands
RIKB 28 1115	2.018	0,8%		0,0%	Seðlabanki Íslands
Framseljanleg verðbréf skráð samtals	182.965	77,0%		0,0%	
Framseljanleg verðbréf óskráð:					
Skuldabréf:					
EIK 161047	20.305	8,5%		0,0%	Eik fasteignafélag hf.
AL1	10.779	4,5%		0,0%	Almenna leigufélagið ehf.
Framseljanleg verðbréf óskráð samtals	31.084	13,1%			
Önnur hlutdeildarskírteini:					
AKTA SK1	20.441	8,6%		0,0%	Akta SK1
Önnur hlutdeildarskírteini samtals	20.441	8,6%			
Reiðufé	3.160	1,3%		0,0%	
Eignir samtals	237.651	100,0%	0	0,0%	

12. Breyting á stærstu eignum sjóðsins milli tímabila

				Hlutfall af heildareignum		
	2017	2016	Breyting	2017	2016	Breyting
Akta Stokkur						
REGINN	55.978		55.978	27,7%	0,0%	27,7%
REITIR	36.616		36.616	18,1%	0,0%	18,1%
Marel	31.977		31.977	15,8%	0,0%	15,8%
EIK	19.005		19.005	9,4%	0,0%	9,4%
ICESEA	18.172		18.172	9,0%	0,0%	9,0%
ICEAIR	16.563		16.563	8,2%	0,0%	8,2%
NBISS	19.500		19.500	9,6%	0,0%	9,6%
AKTA HL1	2.499		2.499	1,2%	0,0%	1,2%
Tíu stærstu eignir	200.310		200.310	99,0%	0,0%	99,0%
Aðrar eignir	1.954		1.954	1,0%	0,0%	1,0%
Heildareignir	202.264	0	202.264	100,0%	0,0%	100,0%

				Hlutfall af heildareignum		
	2017	2016	Breyting	2017	2016	Breyting
Akta Alviðra						
REGINN	32.835		32.835	15,2%	0,0%	15,2%
RIKS 21 0414	21.946		21.946	10,1%	0,0%	10,1%
ARION CB 22	21.450		21.450	9,9%	0,0%	9,9%
LBANK CBI 24	20.928		20.928	9,7%	0,0%	9,7%
REITIR	17.673		17.673	8,2%	0,0%	8,2%
NBISS	15.600		15.600	7,2%	0,0%	7,2%
MARL	14.212		14.212	6,6%	0,0%	6,6%
EIK	10.001		10.001	4,6%	0,0%	4,6%
RVK 53 1	8.189		8.189	3,8%	0,0%	3,8%
REITIR151124	6.413		6.413	3,0%	0,0%	3,0%
Tíu stærstu eignir	169.247		169.247	78,2%	0,0%	78,2%
Aðrar eignir	47.084		47.084	21,8%	0,0%	21,8%
Heildareignir	216.331	0	202.264	100,0%	0,0%	100,0%

Skýringar - framhald

12. Breyting á stærstu eignum sjóðsins milli tímabila (frh.)

				Hlutfall af heildareignum		
	2017	**2016**	**Breyting**	**2017**	**2016**	**Breyting**
Akta Vaxtatækifæri						
ISLA CBI 30	43.121		43.121	18,1%	0,0%	18,1%
ARION CBI 29	23.549		23.549	9,9%	0,0%	9,9%
TM 15 1	21.847		21.847	9,2%	0,0%	9,2%
LBANK CBI 28	21.707		21.707	9,1%	0,0%	9,1%
ARION CB 22	21.450		21.450	9,0%	0,0%	9,0%
RIKS 21 0414	21.411		21.411	9,0%	0,0%	9,0%
AKTA SK1	20.441		20.441	8,6%	0,0%	8,6%
EIK 161047	20.305		20.305	8,5%	0,0%	8,5%
AL1	10.779		10.779	4,5%	0,0%	4,5%
RVK 53 1	8.189		8.189	3,4%	0,0%	3,4%
Tíu stærstu eignir	212.800		212.800	89,5%	0,0%	89,5%
Aðrar eignir	24.850		24.850	10,5%	0,0%	10,5%
Heildareignir	237.651	0	202.264	100,0%	0,0%	100,0%

13. Uppsöfnuð heildarkaup og sala

Akta Stokkur	**Heildarkaup**	**Heildarsala**
ICEAIR	140.021	125.604
MARL	97.379	66.831
SIMINN	93.160	88.846
REGINN	68.867	11.508
REITIR	46.912	6.928
VOICE	46.099	50.928
N1	40.340	42.585
EIK	36.284	12.305
EIM	32.512	31.926
HAGA	32.226	28.528
NYHR	24.136	25.027
NBISS	19.539	
ICESEA	14.185	
AKTA HL1	3.000	
Samtals	694.660	491.018

Skýringar - framhald

13. Uppsöfnuð heildarkaup og sala (frh.)

Akta Alviðra	Heildarkaup	Heildarsala
RIKS 21 0414	66.666	45.408
REGINN	31.798	480
RIKB 20 0205	29.147	27.597
ICEAIR	22.463	16.070
ARION CB 22	21.475	
LBANK CBI 24	20.744	
SIMINN	20.468	20.665
MARL	20.123	4.847
REITIR	18.079	461
EIK	17.097	6.706
NBISS	15.631	
EIM	14.756	14.651
RVK 53 1	8.113	
REITIR151124	6.401	
TM	6.081	506
AL1	5.321	
RIKB 28 1115	3.202	1.030
RIKB 31 0124	2.961	589
RIKB 25 0612	2.439	2.480
HFF150224	1.619	
RIKB 22 1026	1.166	1.152
VIS	1.017	1.054
VOICE	603	689
N1	300	327
ICESEA	206	
ORIGO	203	227
HFF150644	190	
RIKB 19 0226	111	
VUG US	38	
EEM US	34	
VTIP US	33	
IWVL SW	32	
	338.518	144.938

Akta Vaxtatækifæri	Heildarkaup	Heildarsala
RIKS 21 0414	52.817	31.734
ISLA CBI 30	42.779	
RIKB 20 0205	35.493	32.256
ARION CBI 29	23.616	
TM 15 1	22.142	
RIKB 28 1115	21.864	19.257
ARION CB 22	21.475	
LBANK CBI 28	21.091	
AKTA SK1	20.000	
EIK 161047	19.859	
RIKB 25 0612	15.856	16.105
RIKB 31 0124	15.471	15.835
AL1	10.643	
RIKB 19 0226	8.970	6.696
RVK 53 1	8.113	
RIKS 30 0701	7.662	
REITIR151124	6.401	
	354.252	121.884

Skýringar - framhald

14. Flokkun eftir áherslum sjóða

Akta Stokkur	Eignir 2017	Hlutf. af fjárfest. %	Eignir 2016	Hlutf. af fjárfest. %
Fasteignir	111.599	55,7%		0%
Iðnaður	31.977	16,0%		0%
Fjármálaþjónusta	19.500	9,7%		0%
Sala sjávarafurða	18.172	9,1%		0%
Ferðaþjónusta	16.563	8,3%		0%
Fagfjárfestasjóðir	2.499	1,2%		0%
	200.310	100,0%	0	0,0%

Akta Alviðra	Eignir 2017	Hlutf. af fjárfest. %	Eignir 2016	Hlutf. af fjárfest. %
Fjármála- og vártryggingastarfsemi	83.277	40,1%		0%
Fasteignir	66.933	32,2%		0%
Ríki	30.162	14,5%		0%
Iðnaður	14.214	6,8%		0%
Sveitarfélög	8.191	3,9%		0%
Ferðaþjónusta	4.620	2,2%		0%
Sala sjávarafurða	227	0,1%		0%
	207.623	100,0%	0	0,0%

Akta Vaxtatækifæri	Eignir 2017	Hlutf. af fjárfest. %	Eignir 2016	Hlutf. af fjárfest. %
Flokkun eftir líftíma:				
0 - 4 ár	23.449	10,0%		0%
4 - 8 ár	67.416	28,8%		0%
8 + ár	143.625	61,3%		0%
	234.490	100,0%	0	0,0%

15. Afleiðusamningar

Afleiður eru skiptasamningar um verðbréf, vaxtaskiptasamningar og valréttarsamningar. Samningarnir eru færðir miðað við markaðsvirði 31. desember 2017. Opnir afleiðusamningar í lok tímabilsins greinast þannig:

Akta Vaxtatækifæri	Eign	Skuld
RIKB 31 0214		238

Hlutdeildarskírteini

16. Nafnávöxtun

Nafnávöxtun hlutdeildarskírteina var sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Stokkur	0,00%	-	-	-
Akta Alviðra	0,00%	-	-	-
Akta Vaxtatækifæri	0,00%	-	-	-

Vegna breytinga á starfsemi sjóðsdeilda er ekki í öllum tilfellum hægt að birta samanburðartölur. Sjá nánar í skýringu 6.

17. Raunávöxtun

Raunávöxtun hlutdeildarskírteina var sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Stokkur	0,00%	-	-	-
Akta Alviðra	0,00%	-	-	-
Akta Vaxtatækifæri	0,00%	-	-	-

Vegna breytinga á starfsemi sjóðsdeilda er ekki í öllum tilfellum hægt að birta samanburðartölur. Sjá nánar í skýringu 6.

18. Bókfært verðmæti

Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina hefur þróast sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Stokkur	199.965	-	-	-
Akta Alviðra	216.153	-	-	-
Akta Vaxtatækifæri	237.238	-	-	-

Vegna breytinga á starfsemi sjóðsdeilda er ekki í öllum tilfellum hægt að birta samanburðartölur. Sjá nánar í skýringu 6.

Skýringar - framhald

19. Gengi

Gengi hlutdeildarskírteina hefur þróast sem hér segir:

	2017	2016	2015	2014
Akta Stokkur	10,32	-	-	-
Akta Alviðra	10,04	-	-	-
Akta Vaxtatækifæri	10,18	-	-	-

Vegna breytinga á starfsemi sjóðsdeilda er ekki í öllum tilfellum hægt að birta samanburðartölur. Sjá nánar í skýringu 6.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING AKTA SJÓÐA HF.

Markmið stjórnarháttayfirlýsingar þessarar er að stuðla að því að stjórnarhættir Akta sjóða hf. (hér eftir nefnt „Akta sjóðir" eða „félagið") séu opinberir og með því lagður grunnur að gagnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina.

Lög og reglur

1. **Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi**

Akta sjóðir er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (hér eftir nefnd „lög um fjármálafyrirtæki"). Starfsleyfi félagsins tekur til reksturs verðbréfasjóða skv. 7. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Starfsheimildir Akta sjóða taka til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sbr. 1. mgr. 27. gr. áðurnefndra laga.

Gerðar eru ríkar kröfur til stjórnarhátta fjármálafyrirtækja og ber þeim að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skv. 3. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og á grundvelli 66. gr. c laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Í því skyni eiga fjármálafyrirtæki að birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og jafnframt að birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti. Sem hlutafélagi ber Akta sjóðum jafnframt að fylgja lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Framangreind lög má nálgast á **www.althingi.is**.

Í ljósi framangreinds hefur félagið samþykkt stjórnarháttayfirlýsingu þar sem höfð er hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf., 5. útgáfa frá 1. júní 2015 (hér eftir nefndar „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja"), og eru aðgengilegar á **www.vi.is**. Stjórnarháttayfirlýsing Akta sjóða er birt í heild sinni í ársreikningi félagsins og á vefsíðu félagsins, **aktasjodir.is**.

Þá starfar félagið í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi Akta sjóða í samræmi við gildandi lög. Yfirlit yfir viðkomandi lög og reglur um starfsemi Akta sjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, **www.fme.is**.

2. **Hvort félagið víki frá hluta leiðbeininganna eða beiti engum ákvæðum þeirra. Greina skal frá ástæðum frávika og þeim úrræðum sem gripið var til í stað þeirra.**

Félagið fylgir Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í meginatriðum en víkur m.a. frá þeim hvað varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem helgast fyrst og fremst af því að hluthafar eru fáir, og starfa allir nema einn þeirra hjá félaginu. Af sömu ástæðu eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á vefsíðu félagsins. Stjórn starfrækir ekki endurskoðunarnefnd eða starfskjaranefnd þar sem stjórn telur að stærð og umfang félagsins gefi ekki tilefni til þess. Stjórn fjallar sjálf um málefni fyrrnefndra nefnda á stjórnarfundum. Þá hefur félagið ekki sett á fót tilnefningarnefnd í ljósi þess hve hluthafar eru fáir. Stjórn metur árlega hvort þörf sé á að setja á fót undirnefndir. Þá hefur stjórn ekki ennþá sett skriflegar siðareglur eða stefnu um samfélagslega ábyrgð félagsins, en stefnir að því að setja slíkar reglur og stefnu á komandi starfsári.

3. Tilvísanir í annars konar reglur og viðmið sem einnig er farið eftir og eiga sérstaklega við um þá tegund rekstrar sem félagið er í

Um fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða gilda margvíslegar reglur og viðmið sem félaginu ber að fylgja. Í því sambandi má nefna lög, reglugerðir, reglur Ríkisskattstjóra, reglur Fjármálaeftirlitsins og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Yfirlit yfir viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, **www.fme.is.**

4. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu félagsins

Akta sjóðir lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stjórn Akta sjóða ber að koma á fót kerfi fyrir áhættustýringu og innra eftirlit félagsins, en einnig að fylgjast með virkni þess. Stjórn hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og því að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Einnig skal stjórn annast sérstaklega um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn Akta sjóða hefur sett innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þ. á m. áhættustefna og reglur um áhættustýringu, reglur um daglega stýringu lausafjár og reglur um eigin viðskipti Akta sjóða, aðskilnað starfssviða o.fl. Áhættustýringu, innra eftirliti, innri endurskoðun og regluvörslu Akta sjóða hefur verið útvistað með sérstökum samningum þar að lútandi til Kviku banka hf.[1] (hér eftir nefnt „Kvika banki" eða „bankinn"), með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt rammasamningi um útvistun, vörslu og rekstur tekur Kvika banki að sér áhættustýringu fyrir félagið, en í því felst m.a. að hafa eftirlit með því að sjóðir og/eða sjóðsdeildir sjóða í stýringu félagsins séu innan þeirra viðmiða sem fjárfestingarstefna og reglur mæla fyrir um. Kvika tekur einnig að sér að vinna og útbúa þær skýrslur sem Akta sjóðum ber skylda til að skila til opinberra aðila. Akta sjóðum er þó skylt að yfirfara efni skýrslna og samþykkja efni þeirra áður en þeim er skilað.

Reikningsskil Akta sjóða eru einnig unnin af Kviku banka samkvæmt sérstökum samningi um útvistun, vörslu og rekstur. Samkvæmt framangreindum samningi tekur Kvika banki einnig að sér að vera vörslufyrirtæki sjóða í rekstri Akta sjóða, sbr. II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Ytri endurskoðun er framkvæmd af Deloitte ehf.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

5. Gildi félagsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Akta sjóðir hafa skilgreint áræðni, árangur og ábyrgð sem gildi félagsins í rekstri þess. Félagið stefnir að því að setja skriflegar siðareglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð á komandi starfsári.

Hagsmunaárekstrar og trúnaðarskylda
Vegna tengsla félagsins við eigendur virks eignarhlutar er lögð sérstök áhersla á aðgreiningu og óhæði félagsins frá eigendum þess og gegnsæi í viðskiptum þessara aðila. Þannig er starfsstöð félagsins skýrlega aðgreind frá starfsemi Kviku banka og gerðir skriflegir samningar um viðskipti milli aðila og viðskipti að öðru leyti rekjanleg. Akta sjóðir hafa sett sér sérstakar reglur til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, m.a. í samskiptum sínum við tengda aðila eins og Kviku banka. Reglur þessar eru birtar á vefsíðu félagsins, **www.aktasjodir.is**.

[1] Akta sjóðir hf. er hlutdeildarfélag Kviku banka hf.

Að auki hefur stjórn félagsins sett verklagsreglur um eigin viðskipti Akta sjóða og starfsmanna félagsins. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika.

Umboðsvandi
Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfseminni. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við Akta, og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

6. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar

Í stjórn Akta sjóða eiga sæti þrír aðalmenn og tveir varamenn sem aðalfundur kýs árlega. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginstörf stjórnar koma fram í samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega, eða þegar stjórnarformaður ákveður. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og ráðningarkjör og hefur eftirlit með störfum hans.

7. Upplýsingar um fjölda stjórnarfunda og funda undirnefnda og mætingu

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega en oftar er þörf krefur. Árið 2017 voru haldnir 11 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á þá. Edda Guðrún Sverrisdóttir, hdl., ritar fundargerðir á stjórnarfundum.

8. Hvar megi nálgast starfsreglur stjórnar og undirnefnda

Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu félagsins, **www.aktasjodir.is**, en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar eru að auki birtar ýmsar aðrar reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem reglur um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna, reglur um hagsmunaárekstra, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um eigin viðskipti starfsmanna og reglur um meðferð kvartana viðskiptamanna.

9. Upplýsingar um stjórnarmenn

Arna Grímsdóttir, formaður stjórnar (f. 1979), er framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Reitum Fasteignafélagi hf. Arna lauk Cand.jur. frá Háskóla Íslands árið 2007 og fékk málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2010. Arna hefur starfað hjá Reitum Fasteignafélagi hf. frá árinu 2009, en þar á undan var hún hjá Landic Property hf. (2008-2009). Arna er formaður UN Women landsnefndar á Íslandi.

Arna var fyrst kjörin í stjórn félagsins þann 14. október 2013. Arna á ekki eignarhlut í félaginu og er flokkuð sem óháður stjórnarmaður, þ.e. óháð félaginu og stórum hluthöfum þess.

Agla Elísabet Hendriksdóttir, meðstjórnandi (f. 1967), er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri EQ ehf. Agla er með B.A. gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og próf í verðbréfaviðskiptum. Agla hefur margþætta reynslu á sviði eignastýringar en hún hóf störf hjá Íslandsbanka árið 1996. Hún gegndi starfi sjóðstjóra hjá Glitni sjóðum hf. (2000-2007) og forstöðumennsku og framkvæmdastjórn Íslandssjóða hf. (2008-2013). Agla situr í stjórn Fasteignafélagsins Eikar hf., Allianz Ísland og Hjúkrunarheimilisins Eirar.

Agla var fyrst kjörinn í stjórn félagsins þann 9. ágúst 2016. Agla á ekki eignarhlut í félaginu og er flokkaður sem óháður stjórnarmaður, þ.e. óháður félaginu og stórum hluthöfum þess.

Anna Rut Ágústsdóttir, meðstjórnandi (f. 1984), er forstöðumaður viðskiptatengsla Kviku banka. Anna Rut hefur starfað hjá Kviku og forverum bankans frá árinu 2007 meðal annars í áhættustýringu, útlánastarfsemi og eignaumsýslu. Áður en Anna Rut hóf störf hjá bankanum starfaði hún á endurskoðunarsviði PwC auk þess að kenna dæmatíma við Háskólann í Reykjavík. Anna Rut er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði og MCF gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík og hefur einnig lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Anna situr í stjórn GARP fjárfestinga ehf., RAMP ehf. og Ness þróunarfélags GP ehf., og er varamaður í stjórn Kaldalóns bygginga hf.

Anna var fyrst kjörin í stjórn félagsins þann 23. október 2014. Anna á almennan kauprétt í Kviku banka, auk þess sem félag í hennar eigu á áskriftarréttindi í bankanum.

Gunnar Örn Petersen, varamaður (f. 1980), er eigandi Fish Partner ehf. Gunnar starfaði hjá Kviku banka á árunum 2015 til 2016. Gunnar er með meistarapróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Gunnar var kjörinn í stjórn félagsins þann 22. september 2015. Gunnar er flokkaður sem óháður stjórnarmaður.

Magnús Már Leifsson, varamaður (f. 1990), starfar á lögfræðisviði Kviku banka. Magnús hefur starfað hjá Kviku banka frá árinu 2016. Áður var Magnús fulltrúi hjá LOGOS lögmannsþjónustu frá 2013. Magnús er með meistarapróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Magnús var fyrst kjörinn í stjórn félagsins þann 4. júlí 2017. Magnús situr í stjórn nokkurra smærri fyrirtækja innan samstæðu Kviku banka og er ekki flokkaður sem óháður stjórnarmaður.

10. Upplýsingar um hvaða stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess

Arna Grímsdóttir, formaður stjórnar, og Agla Elísabet Hendriksdóttir, meðstjórnandi, eru báðar óháðar félaginu og hluthöfum þess. Gunnar Örn Petersen, varamaður, er jafnframt óháður félaginu og hluthöfum þess.

11. Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn árlega meta störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Stjórn hefur framkvæmt sjálfsmat þar sem ofangreind atriði voru m.a. metin.

12. Upplýsingar um framkvæmdastjóra félagsins, sbr. lið 4 og lýsing á helstu skyldum hans

Örn Þorsteinsson (f. 1979) er framkvæmdastjóri Akta og jafnframt sjóðstjóri hjá félaginu. Hann hefur yfir 18 ára reynslu af eigin fjárfestingum. Örn starfaði frá árinu 2007 til ársins 2013 fyrir fjárfestingafélagið 9.S ehf. Árið 2013 hóf hann störf hjá Straumi fjárfestingabanka, síðar Kviku, sem sjóðstjóri. Örn hefur lokið Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Örn situr í stjórn Solo Invest ehf., Ísranns ehf., Annars hf., Almennra verðbréfa hf. og í varastjórn Almennu eignasölunnar ehf. Örn á 39,1% hlut í Akta sjóðum gegnum félag sitt Solo Invest ehf.

Samkvæmt samþykktum Akta sjóða annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta fyrirmælum stjórnar og ber honum að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.

13. Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist Akta sjóðum frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

14. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Samskipti félagsins við hluthafa fara m.a. fram á formlegum hluthafafundum. Í þessu sambandi skal tekið fram að félagið og Kvika banki hafa gert með sér samning um útvistun, vörslu og reksturs, útvistun innri endurskoðunar og útvistun regluvörslu. Í ljósi framangreinds eiga sér einnig stað óformleg samskipti hluthafa og stjórnar milli hluthafafunda.

16. febrúar 2018